

# Góður boðskapur sem alltaf á erindi

Eftir Sigrúnu Ásmundsdóttur  
sia@mbl.is

HVER þarf ekki á allri sinni Pollýönnu að halda á Íslandi nú um stundir? Jakob F. Ásgeirsson bókaútgefandi er í það minnsta þeirrar skoðunar að bókinn um hina jákvæðu Pollýönnu eigi fullt erindi til landsmanna þessi jólin og hefur ráðist í að endurútgefa bókina með leyfi barna þýðandans, Freysteins Gunnarssonar.

„Tilefnið er náttúrlega bara ástandið hérna,“ segir Jakob þegar hann er spurður um ástæðuna fyrir uppátækinu og hlær nokkuð þakkaðaralega. „Þetta er sígild barnabók, kom út fyrst árið 1913,“ upplýsir hann. „Hún hefur verið vinsæl um allan heim. Hún er nefnilega með þennan góða boðskap sem alltaf á erindi.“



**Jákvæðni** Allir hafa gott af að temja sér lífsviðhorf hinnar lífsglöðu og jákvæðu Pollýönnu. Hún sér ekkert nema gleði í öllu sem gerist.

Jakob segist vilja höfða til allra, karla og kvenna og barna á öllum aldri. „EKKI síst núna. Sjaldan hef-

ur verið meiri þörf fyrir bjartsýni og jákvætt hugarfar,“ segir hann. Hugmyndin kviknaði eftir að

## Sannleikur Pollýönnu

„ÞÚ getur reitt þig á, að þú gleymir því, sem þér leidist, ef þú leitar að því, sem gleður þig.“ (bls. 36)

„Ég hugsaði mér, að þér hlytuð að vera glöð yfir því að annað fólk er ekki eins og þér, liggjandi rúmfast, á ég við.“ (bls. 72)

„Ég er glöð af því, að ég missti fæturina um tíma. Enginn getur vitað hvað fætur eru dásamlegir, fyrr en hann hefur misst þá og getur ekki gengið.“ (bls. 219)

bankahrúnið dundi yfir. „Þá var ansi þungt yfir öllu hérna og svo stakk góður maður þessu að mér,“

rifjar Jakob upp, „að það væri upplagt að gera þetta, því Pollýanna var alltaf glöð hvað sem á dundi.“

Jakob segir ákveðinn lífssannleik felast í sögunni af Pollýönnu sem gott er fyrir alla að hugsa um og til-einka sér. Sjálfur sendir hann þær bækur í búðir, sem ætlaðar eru til sölu, og hann er vongóður um viðtökurnar. „Þetta er skínandi fin þýðing hjá Freysteini Gunnarssyni, skólástjóra Kennaraskólans, og gefin út með leyfi barna hans. Já,“ kemur svo, „þetta er eiginlega bara snilldarþýðing.“

Bókin er gefin út óbreytt frá því sem hún var í upphafi. Jafnvel kápan er sú sama.

Jakob klykkir út með því að segja að allir sem hafi lesið söguna af Pollýönnu minnst hennar með ánægju. „Fólk er alltaf í Pollýönnuleik, er það ekki?“